



# Súðavíkurhreppur

Umsögn innviðaráðuneytisins  
um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu  
þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau  
tækifæri sem felast í mögulegum kostum  
sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur  
sveitarfélög

**Útgefandi:**

Innviðaráðuneytið

Súðavíkurhreppur

Umsögn innviðaráðuneytis um álit sveitarstjórnar

September 2023

**Umbrot og textavinnsla:**

Innviðaráðuneytið

©2023 Innviðaráðuneytið

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Sveitarfélagið .....	5
3. Lögbundin verkefni.....	6
4. Fjárhagur.....	7
5. Sameiningar .....	8
6. Niðurstaða.....	9

# 1. Inngangur

Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í að stuðla að velsæld okkar allra.

Þau fara ekki aðeins með staðbundna stjórnsýslu heldur gegna þau mikilvægu hlutverki í að stuðla að lýðræðislegri virkni, þróun og veitingu þjónustu með hliðsjón af þörfum íbúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Ríkisvaldið stuðlar að sjálfstæði sveitarfélaga með því að ýta undir getu þeirra til að sinna skyldum sínum gagnvart íbúum. Með því er vísað til *sjálfbærni* sveitarfélaganna til að standa að faglegri stjórnsýslu, hagkvæmum rekstri, þróun og veitingu lögbundinnar þjónustu og úrvinnslu annarra staðbundinna verkefna innan sveitarfélagsins ásamt því að takast á við framtíðaráskoranir.

[Sveitarstjórnarlög](#) kveða á um það markmið að íbúar í hverju sveitarfélagi verði aldrei færri en 1.000 talsins. Markmiðið er sett fram í þeirri trú að fjölmennari sveitarfélög eigi auðveldara með að veita íbúum sínum [Lögbundna þjónustu](#) heldur en mjög fámenn sveitarfélög. Með lögbundinni þjónustu er átt við hátt í 80 þjónustubætti á borð við rekstur grunnskóla, frístundaheimila, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólks. Að sama skapi eru fjölmennari sveitarfélög talin líklegri til að geta staðið undir sjálfbærri starfsemi heldur en fámennari sveitarfélög.

Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markinu hefur sveitarfélögum með undir 250 íbúa verið falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila áliti til innviðaráðuneytisins um getu sveitarfélagsins og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög eigi síðar en 14. maí 2023. Með hliðsjón af ákvæðum sveitarstjórnarlaga þar að lútandi liggur hér fyrir umsögn ráðuneytisins um innsent álit Súðavíkurhrepps um ofangreinda þætti.

Í framhaldi af kynningu á áliti sveitarfélagsins og umsögn ráðuneytisins um álitið ber sveitarstjórn að eiga tvær umræður um hvort hefja eigi sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög. Ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki sameiningarviðræður geta minnst 10% kosningabærra íbúa óskað almennar atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnarinnar hafi slík atkvæðagreiðsla ekki þegar farið fram. Sveitarstjórn skal verða við ósk íbúa eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hún berst og er niðurstæða atkvæðagreiðslunnar bindandi fyrir sveitarstjórn.

## 2. Sveitarfélagið

Íbúar Súðavíkurhrepps voru 235 í ársbyrjun 2023, 130 karlar og 105 konur.

Hlutfall barna var heldur lægra en á landinu öllu eða 14% í samanburði við 22% á landsvísu. Súðavíkurhreppur er fjölmenningsarsamfélag með hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna.

Súðavíkurhreppur liggur að Ísafjarðarbæ í norðri og vestri, að Strandabyggð í suðri en á einnig land að Reykhólahreppi á fjalli. Þéttbýlisstaðurinn Súðavík er skammt frá öðrum þéttbýlisstöðum, Ísafirði, Bolungarvík og nokkrum minni þorpum og telst á sama atvinnusóknarsvæði. Erfiðar aðstæður geta þó skapast í Súðavíkurhlíð, sem er eina raunhæfa akstursleiðin til nágrannabæjanna.

Þó Súðavíkurhreppur sé landmikið sveitarfélag er láglendi fágætt. Strandlengja sveitarfélagsins er einkar vogskorin og atvinnuhættir sögulega tengdir sjósókn. Fjölbreyttur strandtengdur iðnaður er stundaður í sveitarféluginu.

### 3. Lögbundin verkefni

Í álti Súðavíkurhrepps kemur fram að sveitarfélagið sjái sjálft um viðamikil lögbundin verkefni á borð við rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.

Á hinn bóginn hafi öðru sveitarfélagi verið falin framkvæmd ýmissa annarra þjónustuverkefna á borð við félagsþjónustu, fjárhagsaðstoð og félagslega aðstoð með samstarfssamningi. Þó svo að þriðjungur íbúa sé af erlendum uppruna hefur öðru sveitarfélagi verið falin aðstoð við erlenda ríkisborgara og túlkaþjónusta. Fram kemur að með stjórnarsetu hafi sveitarfélagið áhrif á veitingu þjónustu þegar öðru sveitarfélagi hafi verið falin framkvæmdin.

Minnt er á að eitt af meginmarkmiðum íslensks stjórnkerfis með tvískiptri stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er að skapa íbúum tækifæri til að aðlaga þjónustu að þörfum íbúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Brýnt er að sveitarfélögini hafi bolmagn til að sinna lögbundnum skyldum sínum, standa vörð um aðkomu sína að mótun þjónustunnar, tryggja upplýsingamiðlun, aðgengi, faglega þjónustu og skýra ábyrgð gagnvart þjónustuþegum.

Jafnframt er vakin athygli á því að í þeim tilvikum þegar sveitarfélag færir lögbundið verkefni út fyrir hefðbundna stjórnsýslu þess og felur öðrum aðila að annast verkefnið, er ekki lengur um að ræða beint lýðræðislegt umboðssamband milli íbúa viðkomandi sveitarfélags og þeirra sem fara með stjórn verkefnisins.

Að lokum er vakin athygli á því að Súðavíkurhreppur hefur ekki sett sér ýmsar stefnur sem því ber lögbundin skylda til að setja, svo sem loftslagsstefnu og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélagið hefur ekki sett sér reglur um rétt íbúa til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á erlendri tungu þrátt fyrir áberandi hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélagini eins og að framan er getið. Reglur um veitingu félagsþjónustu falla undir samstarfssamning um veitingu þjónustunnar og eru því ekki sérstakar fyrir sveitarfélagið.

## 4. Fjárhagur

Á flesta hefðbundna fjárhagslega mælikvarða er staða Súðavíkurhrepps í lagi. Þannig er skuldahlutfall viðunandi og rekstrarniðurstaða hefur verið jákvæð undanfarin ár. Óvenjulega hátt hlutfall tekna sveitarfélagsins kemur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Árið 2022 nam hlutdeild sjóðsins í 330 milljóna tekjum Súðavíkurhrepps 133 milljónum króna eða 40%, sem er með því mesta sem gerist á landinu öllu hvar meðaltalið er 13%. Þannig fékk sveitarfélagið 620 þúsund krónur með hverjum íbúa árið 2022 frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2022.

Þó rekstur sveitarfélagsins að þessum forsendum gefnum virðist í lagi er áhætta fólgin í smæð sveitarfélagsins bæði á tekju- og útgjaldahlið. Sem dæmi gætu þjónustubærir íbúa aukist skyndilega með töluverðum áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins.

## 5. Sameiningar

Í álitinu kemur fram að nærtækasti sameiningarkostur Súðavíkurhrepps sé Ísafjarðarbær. Efasemdir koma fram um áhuga íbúa og ávinning sveitarfélagsins af slíkri sameiningu. Þó kemur fram að einhver fjárhagsleg samlegðaráhrif gætu orðið af sameiningu sveitarfélaga. Dregið er fram að meiri áhugi virðist vera meðal íbúa á sameiningu við Bolungarvíkurkaupstað en Ísafjarðarbæ. Síðast en ekki síst kemur fram að óformlegar viðræður hafi verið við fleiri sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum þó slíkar sameiningar séu ekki taldar raunhæfar.

Ráðuneytið bendir á að ýmis tækifæri felast í sameiningu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög. Öflugri stjórnsýsla fjölmennara sveitarfélags hefði meiri slagkraft til að standa að veitingu þjónustu innan sveitarfélagsins sjálfs. Slík stjórnsýsla ætti auðveldara með að ráða til sín sérfræðinga og standa undir veitingu þjónustu innan sveitarfélagsins, m.a. við íbúa af erlendum uppruna. Með því væri í senn stuðlað að auknum áhrifum íbúa á mótun þjónustunnar, skýrari ábyrgð og hagkvæmni í rekstri. Lagður væri grunnur að því að efla þjónustu, lækka útsvar og/eða byggja upp innviði í sveitarfélagini. Þannig myndi stærri stjórnsýslueining myndi stuðla að jákvæðum breytingum fyrir samfélagið. Í framhaldi af því væri stuðlað að fjölbreyttari íbúasamsetningu og þar með auknum tækifærum til framtíðar uppbyggingar.

Vakin er athygli á því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir fjárhagslegan stuðning við undirbúning sameininga sveitarfélaga.

## 6. Niðurstaða

Súðavíkurhreppur er eitt af tíu fámmennstu sveitarfélögum á landinu. Íbúar voru 235 í byrjun þess árs. Hlutfall barna var heldur lægra en á landinu öllu eða 14% í samanburði við 22% á landsvísu.

Sveitarfélagið sér sjálft um rekstur leik- og grunnskóla. Á hinn bóginn hafa verið gerðir samningar við Ísafjarðarbæ og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum um veitingu veigamikillar velferðarþjónustu. Athygli vekur að þó hátt hlutfall íbúa sé af erlendum uppruna hefur öðru sveitarfélagi verið falin aðstoð við erlenda ríkisborgara og túlkaþjónusta.

Eitt af meginhlutverkum sveitarfélags felst í því að þróa og veita íbúum nauðsynlega nærbjónustu frá vöggu til grafar. Ljóst er að samningar sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög um veitingu þjónustu draga úr áhrifum þess á þróun og veitingu þjónustunnar og rof verður á umboðssambandi milli íbúa og kjörinna fulltrúa í sveitarfélagini. Þá bendir ráðuneytið á að vanræksla sveitarfélags við að setja sér lögbundnar stefnur og áætlanir kann m.a. að fela í sér að íbúar þess njóti ekki sambærilegrar þjónustu og réttinda og íbúar annarra sveitarfélaga.

Athygli vekur að óvenjuhátt hlutfall tekna sveitarfélagsins kemur úr Jöfnunarsjóði eða 40% samanborið við 13% að meðaltali. Enda þótt fjárhagur sveitarfélagsins sé að þessum forsendum gefnum sjálfbær er ljóst að því gæti reynst erfitt að takast á við óvænt áföll og/eða skyndilega aukningu í þjónustuþörf.

Í ljósi framangreinds og skýrra markmiða sveitarstjórnarlaga um að skipulag og starfsaðstæður sveitarfélaga séu þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á þeim verkefnum sem þeim ber að sinna, hvetur ráðuneytið sveitarfélagið til að huga að þeim tækifærum sem kunna að felast í sameiningu við önnur sveitarfélög.

Sameining sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög myndi í senn skapa tækifæri til að efla þjónustu við íbúa, auka fjárhagslega sjálfbærni og stuðla að frekari uppbyggingu innan sveitarfélagsins til framtíðar. Jafnframt myndi skapast tækifæri til aukinna áhrifa íbúa á mótun nærbjónustu.

